

16. september 2026

Efni: Þjóðarsátt um verðstöðugleika

Ágætu sveitarstjórnarfulltrúar,

Starfsgreinasamband Íslands (SGS), sem samanstendur af 18 stéttarfélögum vítt og breitt um landið með um 44.000 félagsmenn, leitar til sveitarfélaga landsins vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahags- og kjaramálum.

Forsendur gildandi kjarasamninga eru brostnar. SGS telur mikilvægt að brugðist verði við með sameiginlegu átaki allra lykilaðila samfélagsins, **þjóðarsátt um verðstöðugleika**. Markmiðið er skýrt: að ná niður verðbólgu og vöxtum og skapa þannig skilyrði fyrir því að kjarasamningar haldi.

Kjarni hugmyndarinnar er einfaldur: ríkið, sveitarfélögin, atvinnulífið, verslun og þjónusta og aðrir sem hafa áhrif á verðmyndun skuldbindi sig til að halda aftur af hækkunum og miða við að verð og gjaldskrár hækki ekki um meira en 2,5% það sem eftir lifir gildandi kjarasamninga.

Forsenda þess að þetta geti gengið er að enginn skjóti sér undan ábyrgð. Sama krafa um ábyrgð og hófsemi verður að gilda um alla.

Ávinningurinn af því að ná verðbólgunni niður er verulegur, ekki einungis fyrir heimili landsins heldur einnig hið opinbera. Það er mikið í húfi.

Heildarskuldir sveitarfélaga landsins nema um 640 milljörðum króna. Samkvæmt greiningu okkar á skuldasetningu sveitarfélaga má ætla að um 75% þeirra séu verðtryggðar, sem jafngildir um 480 milljörðum króna. Ríkissjóður er jafnframt með um 709 milljarða króna nettó í verðtryggðum skuldum.

Þegar verðtryggðar skuldir ríkissjóðs, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila eru teknar saman nemur hinn verðtryggði skuldastofn nærri 4.360 milljörðum króna.

Ef sameiginlegt átak skilaði því að verðbólga lækkaði úr 5,6% niður í 3,6% væri ávinningurinn vegna lægri verðbóta á þessum skuldum einum saman um 87 milljarðar króna á einu ári, að öðru óbreyttu.

Þá á eftir að taka tillit til þess umtalsverða viðbótarávinnings sem lægra vaxtastig myndi fela í sér. Óverðtryggðar skuldir ríkissjóðs, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila nema einnig þúsundum milljarða króna. Lægri verðbólga skapar forsendur fyrir lækkun vaxta, sem myndi draga enn frekar úr fjármagnskostnaði heimila, fyrirtækja og hins opinbera.

Fyrir sveitarfélögin ein og sér þýðir tveggja prósentustiga lækkun verðbólgu, miðað við verðtryggðan skuldastofn upp á um 480 milljarða króna, um 10 milljarða króna lægri verðbætur á einu ári, að öðru óbreyttu.

Þetta er einmitt ástæða þess að horfa þarf á stóru myndina. Það kann að hafa einhvern kostnað í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög að halda aftur af gjaldskrárhækkunum, rétt eins og það getur kostað fyrirtæki að halda aftur af verðhækkunum. En ávinningurinn af lægri verðbólgu og lægri vöxtum getur verið margfaldur fyrir samfélagið í heild.

Launafólk hefur þegar lagt sitt af mörkum með gerð langtímakjarasamninga sem byggðust á hóflegum launahækkunum í þeirri trú að með samstilltu átaki yrði unnt að ná verðbólgu og vöxtum niður. Nú þurfa aðrir að leggja sitt af mörkum.

Þetta snýst ekki um að færa byrðar frá einum aðila yfir á annan. Þetta snýst um að rjúfa vítahring verðhækkana, verðtryggingar og hárra vaxta og skapa þess í stað jákvæðan hring lægri verðbólgu, lægri vaxta, minni fjármagnskostnaðar og aukins stöðugleika.

Ávinningurinn skilar sér til ríkissjóðs. Hann skilar sér til sveitarfélaganna. Hann skilar sér til fyrirtækjanna. Síðast en ekki síst skilar hann sér til heimila og launafólks.

Starfsgreinasamband Íslands óskar því eftir skriflegu svari við því hvort sveitarfélagið sé reiðubúið að taka þátt í þjóðarsátt um verðstöðugleika og sjá til þess að gjaldskrár sveitarfélagsins og fyrirtækja í eigu þess hækki ekki um meira en 2,5% það sem eftir lifir gildandi kjarasamninga.

Það er gríðarlega mikið undir. Ef allir leggja sitt af mörkum njóta allir ávinningsins. Þetta getur þó aðeins tekist með sameiginlegu átaki. Enginn má skjóta sér undan ábyrgð.

Virðingarfyllst,

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

Vilhjálmur Birgisson, formaður

Aðildarfélög SGS eru:

AFL Starfsgreinafélag

Verkalýðs- og sjómannaaf. Keflavíkur og nágr.

Aldan stéttarfélag

Verkalýðs- og sjómannaaf. Sandgerðis

Báran stéttarfélag

Verkalýðsfélag Akraness

Drifandi stéttarfélag

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Eining-löja

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Framsýn stéttarfélag

Verkalýðsfélag Suðurlands

Stéttarfélagið Samstaða

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Stéttarfélag Vesturlands

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verkalýðs- og sjómannaaf. Bolungarvíkur

Verkalýðsfélagið Hlíf